



## Fundargerð

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs - 144. fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs haldinn á fjarfundi,

21. september 2020, kl. 11:00.

### Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,  
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar,  
Þorkell Lindberg Þórarinnsson, varamaður varaformanns stjórnar,  
Anton Freyr Birgisson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Norðurlings,  
Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps,  
Eyrún Arnardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótsdalshéraðs,  
Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitafélagsins Hornafjarðar,  
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,  
Snorri Ingimarsson, aðaláheytnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarféлага,  
Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs,  
Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs.

### Fjarverandi / í leyfi / boðuð forföll:

Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,  
Steingrímur Karlsson, aðaláheytnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs,

### Gestir:

Steinunn Hödd Harðardóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði

### 1. Atvinnustefna - viðmið - 2005027

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um stöðu mála við úrvinnslu umsókna um atvinnutengda starfsemi í Vatnajökulsþjóðgarði, íshella- og jöklaferðir á suðursvæði.

#### Gestir

Steinunn Hödd Harðardóttir, starfandi þjóðgarðsvörður á suðursvæði - 11:00

*Yfirferð umsókna stendur yfir hjá matsnefnd. Í auglýsingu kemur fram að við mat á fjölda þeirra gesta sem samningur heimilar á vegum hvers rekstraraðila verði m.a. litið til reynslu fyrirtækisins af sambærilegri starfsemi, þann búnað sem það hefur yfir að ráða og fjölda hæfra leiðsögumanna sem það hefur í sinni þjónustu. Þá segir jafnframt að þjóðgarðurinn áskilji sér rétt til að takmarka heimilaðan fjölda gesta í hverjum samningi hlutfallslega í samræmi við fjölda umsækjenda sem skila fullnægjandi umsóknargögnum og uppfylla öll tilgreind skilyrði.*

*Fyrir stjórn liggur tillaga að útreikningi úthlutunar sæta til þeirra sem verða taldir uppfylla skilyrði auglýsingar að loknu mati á þeim fjölda gesta sem gögn styðja að fyrirtækið geti þjónustað. Stjórn samþykkir umrædda aðferð við úthlutun sæta í samræmi við ákvæði auglýsingar. Gert er ráð fyrir að samningar gildi í eitt ár sem tilraunaverkefni.*

*Stjórn leggur áherslu að öryggismál séu í hávegum höfð við gerð samninga fyrir atvinnutengda starfsemi á jöklum. Stefnt er að því að vottun Vakans verði gerð að skilyrði fyrir samningagerð í framtíðinni en slíkt verði ekki gert að fortakslausu skilyrði á meðan innleiðing atvinnustefnunnar er enn í mótun.*

### 2. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundi.

**Fundargerð ritaði:** Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 12:00